



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH)

Útfærsla á tilraunaverkefni samkvæmt kjarasamningi BHM, bókun 2 í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og BHM, tímabundnir og persónubundnir þættir stofnanasamninga, dags. 28. maí 2014.

Markmið bókunarinnar er að efla samkeppnisstöðu ríkisstofnana um menntað vinnuafli og auka tækifæri starfsmanna til að hafa áhrif á eigin launaþróun, með því að færa launasetningu nær vettvangi og laga hana að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig.

Greitt skal fyrir tímabundna þætti með eingreiðslu til starfsmanna skv. beiðnum frá yfirmönnum, *sjá meðfylgjandi fylgiskjal*.

Greitt skal tvisvar á ári, í júní fyrir tímabilið desember til maí og í desember fyrir tímabilið júní til nóvember. Fjármagnið sem fylgir þessu tilraunaverkefni er bundið við eftirfarandi útfærslu og verður ekki nýtt til að fjármagna neðangreindar greinar eftirtalinna stofnanasamninga Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) og viðkomandi stéttarfélags (félaga).

- gr. 4.3 Félagsráðgjafafélag Íslands,
- gr. 5.0 Sálfræðingafélag Íslands
- gr. 4.3 Þroskaþjálfafélag Íslands
- gr. 4.3 Félag lífeindafræðinga
- gr. 4.3 Iðjuþjálfafélag Íslands
- gr. 4.4 Ljósmeðrafélag Íslands
- gr. 4.4. Samflot BHM félaga

Þriggja manna starfshópur tilnefndur af framkvæmdastjórn tekur sameiginlega ákvörðun um forgangs röðun beiðna frá yfirmönnum varðandi greiðslu vegna tímabundinna persónubundinna þátta. Gert er ráð fyrir að um það bil 20 starfsmenn (1/4 hluti félagsmanna BHM hjá HH) fái greitt á hverju sex mánaða tímabili.

Upphæðin miðast við þá upphæð sem HH hefur til ráðstöfunar á hverju tímabili og skiptist jafnt milli einstaklinga sem valdir eru hverju sinni, að teknu tilliti til starfshlutfalls.

Beiðnir skulu berast til skrifstofu HH fyrir 1. maí vegna útborgunar um mánaðarmótin júní/júlí og 1. nóvember vegna útborgunar um mánaðarmótin desember/janúar.

Framkvæmd og umgjörð verkefnisins verða metin eigi síðar en í lok árs 2016. Samstarfsnefndir viðkomandi stéttarféлага og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa eftirlit með framkvæmdinni og á

Handwritten signatures and initials:
RB
GHB
MI
HA
SKU
GB
S.G.
AVI

þeim vettvangi eru rædd álitamál sem upp koma. Tímabundnir persónubundnir þættir sem koma til mats eru:

1. Tímabundið álag / tímabundin aukin ábyrgð.
2. Innleiðing, þátttaka í og/eða umsjón með stærri verkefnum sem bætast ofan á reglubundin verkefni og eru ekki hluti af daglegu starfi viðkomandi.
3. Frammistaða í starfi.

Reykjavík 3/8 2015

Fyrir hönd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Sigríður Þóra Helgadóttir
Sigríður Þóra Helgadóttir

Fyrir hönd BHM

Merla Einarsdóttir FI

Guðjón Benediktsson IPI

Sonja Gardarsd. FI

Helga Auðard. S.I.

Andri Valur Einarsson FFSS/Fraðtagarðir

Sauveg E. Sinsuvand

Margrét Isaksdóttir IPI

Ragnheiður Bachmann LMFI

GRÞA HÖNDU EINARSDÓTTIR FL

Fylgiskjal vegna útfærslu á tilraunaverkefni samkvæmt kjarasamningi BHM, bókun 2 í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og BHM, tímabundnir og persónubundnir þættir stofnanasamninga, dags. 28. maí 2014.

Beiðni um greiðslu vegna tíma- og persónubundinna þátta stofnanasamnings BHM og HH

Nafn yfirmanns (beiðanda)	
Starfsstöð	
Nafn og kennitala starfsmanns	
Starfsheiti	
Tímabil	Júní <input type="checkbox"/> Desember <input type="checkbox"/>
Hefur viðkomandi fengið greitt áður?	Já () nei ()

Með beiðni þarf að fylgja starfslýsing viðkomandi starfsmanns (mega vera drög á árinu 2015)

Sótt er um greiðslu vegna eftirtalinna þátta (má vera fleiri en einn):

Tímabundnir persónubundnir þættir sem um ræðir	Merkið í viðeigandi dálk (já/nei)
1. Tímabundið álag / tímabundin aukin ábyrgð	já () nei ()
2. Innleiðing, þátttaka í og/eða umsjón með stærri verkefnum sem bætast ofan á reglubundin verkefni og eru fyrir utan starfssvið viðkomandi.	já () nei ()
3. Frammistaða í starfi	já () nei ()

Mat á þáttum:

1. Tímabundið álag / tímabundin aukin ábyrgð
Dæmi/rökstuðningur:

SP
 GIB
 ANK
 GIB
 S.Y.
 GHS
 RB
 AVI
 MI

2. Innleiðing, þátttaka í og/eða umsjón með stærri verkefnum sem bætast ofan á reglubundin verkefni og eru ekki hluti af daglegu starfi viðkomandi.

Dæmi/rökstuðningur:

3. Frammistaða í starfi

Dæmi/rökstuðningur:

Reykjavík, dags:

Yfirmaður

JJ · MI
Ad SLL
GB
RB 5.4.
AA
GMB ANI

Verklag vegna bóknar um útfærslu á tilraunaverkefni.

Reykjavík 05.08.2015

Vegna útfærslu á tilraunaverkefni samkvæmt kjarasamningi BHM, bókun 2 í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og BHM, tímabundnir og persónubundnir þættir stofnansamninga, dags. 28. maí 2014 þá er stefnt að því að fyrsta greiðsla vegna fyrri hluta árs 2015 verði greidd um mánaðarmótin september/október og vegna seinni hluta árs 2015 um mánaðarmótin desember/janúar.

Beiðnir vegna fyrri hluta árs 2015 þurfa því að berast fyrir 1. september. Niðurstaða þessa samkomulags verður kynnt fyrir starfsmönnum og stjórnendum bæði af hálfu HH og BHM eigi síðar en 15. ágúst 2015.

Fyrir hönd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Sigrún Þorlúndsdóttir

Sigurður Þósa Magnúsdóttir

Fyrir hönd BHM félaga

María Rímarsdóttir FI

Guðjón Benediktsson Iþi

Sonja Gardarsd. FI

Helga Auðard. S.I.

Andsi Valur Einarsson FFSS/Frættagættur.

Sauveig E. Sissurauð

Margrét Isuefsdóttir Iþi

Ragnheiður Þaekmann LMFI

GYDA HRÖNN EINARSDÓTTIR FL